

Nd.

353. Frumvarp til laga

[184. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 82 18. maí 1978 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Í 14. tl. 3. gr. laganna falli orðin „ráðherra og“ brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar hafa til afnota. Með lögum nr. 1/1970 um tollskrá o. fl. var veitt heimild til þess að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær er nú gilda um bifreiðamál ríkisins er að finna í reglugerð nr. 6/1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessa skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, meðan sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota.“

Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frumvarpi þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi.